

M-26/2007 Álit 17. september 2007

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. september 2007 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-26/2007:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 20. júlí sl. bað X, hér eftir líka nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á bifreiðinni Z, af tegundinni K, sem hann keypti af fyrirtækinu Y þann 6. janúar 2007. Álitsbeiðandi telur bifreiðina hafa verið gallaða, vill rifta kaupunum og fá endurgreitt kaupverðið, kr. 1.650.000, úr hendi seljanda.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 23. júlí sl. Frestur til að skila þeim var til 8. ágúst. Seljandi hefur ekki sent nefndinni andsvör og með bréfi dags. 24. ágúst var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt framangreinda 6. janúar 2007 og er afsal fyrir bifreiðinni undirritað þann dag. Stuttu síðar hafi vél bifreiðarinnar „hrunið“, þ.e. hún bræddi úr sér sem svo er nefnt. Álitsbeiðandi vísar þar um til yfirlýsingar sem A gaf fyrir hönd K- bíla hf. 15. maí 2007 sem er svohljóðandi:

„Varðar Z.

Ofangreind bifreið var færð til viðgerðar á verkstæði F. vegna hávaða frá vél. Við skoðun kom í ljós að vél bifreiðarinnar var illa úrbrædd. Ástand vélarinnar bendir til þess að bifreiðinni hafi verið ekið án vélarolíu. Staða km teljara bifreiðarinnar er 13.728 km.

Við frekari skoðun á bifreiðinni kom í ljós að hún hefur lent í verulegu umferðaróhappi, sem sést á því að 3 líknarpúðar hafa sprungið út. Púðarnir hafa ekki verið endurnýjaðir og merkingar teknar af nema á einum stað. Einnig er sjáanlegt að veruleg viðgerð hefur farið fram á yfirbyggingu bílsins að framanverðu. Við athugun á ferli bifreiðarinnar kom í ljós að tryggingafélag hafði greitt bifreiðina út til fyrsta eiganda og endurselt hana til aðila, sem ekki virðist hafa látið framkvæma viðgerðina á vottuðu rétttingaverkstæði.

Í ljósi ofangreindra atriða og ábyrgðarskilmála sem hafna ábyrgð sem rekja má til skemmda sem rekja má til óhappatilvika og eða misnotkunar höfnum við allri ábyrgð á viðgerð á vél ofangreindrar bifreiðar.“

Á afsalið fyrir bifreiðinni er handrituð eftirfarandi setning, undirrituð af álitsbeiðanda: „Bíllinn hefur lent í tjóni og vantar airbag.“

Álitsbeiðandi lét fylgja beiðni sinni tölvupóst og myndir af skemmdum á bifreiðinni. Tölvupósturinn er frá D hjá tryggingafélaginu DD til E hjá félaginu EE og er svohljóðandi:

„Sendi þér myndir sem við höfðum af þessum bíl [Z] vegna umferðaróhapps þann 8. júní 2006. Bíllinn lenti á ljósastaur. Fleiri myndir eigum við ekki, gróft tjónsmat okkar var rúm 960.000 kr. m vsk.“

Álitsbeiðandi bendir á að framangreindar myndir sýni að mikið tjón hafi orðið á bifreiðinni en sér hafi einungis verið tjáð að hún hefði lent í smátjóni. Seljandi hafi keypt bifreiðina af tryggingarfélaginu og svo virðist sem öll olía hafi lekið af vélinni og það sé ástæða þess að svo stuttu eftir kaupin hafi hún brætt úr sér. Það geti ekki talist eðlilegt í svo nýlegri bifreið og sé þetta að rekja til tjónsins sem orðið hafi á henni, en það hafi verið miklu meira en sér hafi verið kunnugt um. Bifreiðin sé ekki seljanleg og kveðst álitsbeiðandi hafa verið leyndur mikilvægum upplýsingum en bifreiðin hafi verið haldin verulegum leyndum galla við kaupin. Hann hafi því rift kaupunum með ábyrgðarbréfi til seljanda sem því hafi í engu sinnt. Riftunarbréf álitsbeiðanda er dags. 3. júlí 2007 og er svohljóðandi:

„Ég undirritaður, X, rifti hér með kaupum á bifreiðinni Z, frá 6.1.2007. Bifreiðin reyndist haldin verulegum galla. Ég skora hér með á yður að taka við bifreiðinni aftur og greiða mér kaupverð bifreiðarinnar 1.650.000 kr., við heimili mitt, XX, innan 7 daga frá móttöku þessa bréfs. Undirritaður áskilur sér ella rétt til að leita fyrirvaralaust til kærunefndar í lausafjárkaupamálu eða dómstóla.“

Kærunefndin hafði samband við starfsmann verkstæðisins F og taldi hann að komið hefði verið með bifreiðina á verkstæði 2-3 dögum fyrir 20. apríl sl. Vélin hefði verið tekin úr bifreiðinni og hún skoðuð. Komið hefði í ljós að vélin væri úrbrædd og engin viðgerð á henni hefði farið fram. Lyklar að bifreiðinni væru í vörslum verkstæðisins og stæði hún enn á bílastæði þess.

Þá hafði kærunefndin samband við A sem gaf framangreinda yfirlýsingu hinn 15. maí sl. Sagði hann að fyrsta skráning hjá K-bílum vegna þessarar bifreiðar væri 20. apríl sl., en þá hafi hún verið komin inn á verkstæði. Við skoðun hafi komið í ljós að vél bifreiðarinnar væri illa farin eftir óhappið sem hún lenti í og greinilegt að um mikið högg hefði verið að ræða sem m.a. sæist af því að þrír líknarbelgir af fjórum hefðu sprungið út. Þeim sem samband hafi haft við fyrirtækið hefði verið ráðlagt að rifta kaupunum þegar í stað. A sagði að ekki væri olíuþrýstimælir í bifreiðum af þessari tegund heldur ljós sem kviknaði þegar olíu þyrfti að bæta á vél. Við óhapp sem þetta væri ekki ólíklegt að leiðsla til þessa ljóss eða ljósið sjálft hefði skemmst og orðið óvirkt. A taldi að viðgerð á bifreiðinni hefði sýnilega ekki verið fullnægjandi.

IV Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. 1. gr. laganna.

Kærunefndin hefur leitað álits sérfróðs aðila á álitaefnum málsins samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Kærunefndin álitur að álitsbeiðandi hafi kvartað undan meintum galla á bifreiðinni í tæka tíð, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000.

Eins og að framan er lýst stendur deila aðila, sem Y hefur kosið að tjá sig ekki um, um kaup á notaðri bifreið, sem áður hafði lent á ljósastaur og skemmt. Af lýsingum og myndum að dæma urðu verulegar skemmdir á bifreiðinni og upplýst verður að telja að viðgerð á henni hafi ekki farið fram á „vottuðu rétttingverkstæði“ eins og segir í vottorði A sem fyrr er rakið.

Í 19. gr. lausafjárlaga nr. 50/2000 er kveðið á um sölu á hlut þegar hann er seldur „í því ástandi sem hann er“ en líta verður svo á að kaup á bifreiðinni falli undir þessa grein laganna. Samkvæmt c-lið 2. mgr. 19. gr., sbr. upphaf 1. mgr., er hlutur gallaður ef ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í 20. gr. sömu laga segir í 2. mgr. að hafi kaupandi rannsakað hlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn geti kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli.

Á afsal fyrir bifreiðina er skráð að hún hafi lent í tjóni og í hana vanti loftpúða. Er því ljóst að álitsbeiðanda var gerð grein fyrir þessu við kaupin en í beiðninni segir hann að sér hafi verið tjáð að um smáóhapp hafi verið að ræða. Það að loftpúða vantaði í bifreiðina hlaut þó að benda til þess að bifreiðin hefði fengið á sig verulegt högg.

Þegar litið er til þess að álitsbeiðanda var gerð grein fyrir því að bifreiðin hafði lent í óhappi og loftpúða vantaði í hana, sem benti eindregið að óhappið hefði verið meiri háttar, telur kærunefndin að honum hefði borið að skoða bifreiðina mun betur en hann virðist hafa gert, sbr. ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 50/2000, eða láta sérfróðan aðila annast þá skoðun fyrir sig. Verður að hafa þetta í huga þegar metið er hvort bifreiðin var gölluð í skilningi 17. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. einkum 1. mgr., þ.e. hvort álitsbeiðandi mátti búast við, eins og atvik við kaupin voru, að bifreiðin svaraði þeim kröfum að geta gengið með eðlilegum hætti eftir það sem fyrir hana hafði komið.

Kærunefndin telur mjög miklar líkur á því að olíuleki í vél bifreiðarinnar hafi stafað af skemmdum sem á henni urðu við óhappið og leitt til þess að vélin bræddi úr sér. Hefur seljandi enga tilraun gert til þess að andmæla því eða leiða hið gagnstæða í ljós. Er þá haft í huga að miklar líkur eru til þess að olíuljós bifreiðarinnar eða leiðsla í það hafi orðið fyrir hnjaski þannig að það hafi ekki varað við því að olíu vantaði á vélina. Ástand bifreiðarinnar að þessu leyti og verður að telja galla í skilningi 19. gr. laga nr. 50/2000, sem ekki var við að búast að álitsbeiðandi gæti gert sér grein fyrir við kaupin, enda þótt hann hefði framkvæmt skoðun á bifreiðinni í samræmi við ákvæði 20. gr. laga nr. 50/2000.

Samkvæmt 30. gr. laga nr. 50/2000 á kaupandi, þegar söluhlutur reynist gallaður, og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða, rétt á því að

grípa til ákveðinna úrræða, þ.e. að krefjast úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr.

Það er álit kærunefndarinnar að bifreiðin sem álitsbeiðandi keypti hafi verið haldin galla en eins og kaupunum var háttáð sé ekki hægt að telja hann til vanefnda af því tagi sem leiði til þess að álitsbeiðandi geti rift kaupunum samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 50/2000. Hins vegar er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt á afslætti úr hendi seljanda samkvæmt ákvæðum 38. gr. sömu laga. Þykir sá afsláttur hæfilega metinn kr. 600.000.

Álitsbeiðandi rifti kaupunum með formlegum hætti með bréfi dags. 3. júlí sl. og gaf seljanda þannig til kynna að hann krefðist greiðslu úr hans hendi. Með tilliti til þess og samkvæmt ákvæðum 71. gr. laga nr. 50/2000 álitur kærunefndin að seljandi eigi að greiða kaupanda dráttarvexti af framangreindri fjárhæð frá 3. ágúst 2007 til greiðsludags.

V

Álitsorð

Álitsbeiðandi, X, á rétt til þess að Y greiði honum kr. 600.000, sem afslátt af kaupverði bifreiðarinnar Z, með dráttarvöxtum frá 3. ágúst 2007 til greiðsludags.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir